

Borgarstjórn Reykjavíkur

24. maí 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölgun lóða fyrir grunnþjónustu borgarinnar

Borgarstjórn samþykkir að skipuleg könnun verði gerð á lóðum í borgarlandinu sem henta fyrir stofnanir og skóla og þær teknar frá fyrir þá starfsemi. Sífelld vaxandi grunnþjónusta á vegum borgarinnar kallar á að lóðir sem tiltækar eru í hverfunum verði teknar frá til að geta sinnt eftirspurn stofnana borgarinnar sem sinna þessari þjónustu og þær nýttar annað hvort til stækkunar eldra húsnæðis eða fyrir nýja uppbyggingu. Lóðir fyrir starfsemi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs verði hafðar í forgangi. Hentugar lóðir fyrir aðra lykilstarfsemi borgarinnar verði sömuleiðis hafðar í huga í þessu verkefni. Skipulagssviði borgarinnar verði falið að gera úttekt á lausum lóðum í borgarlandinu sem henta fyrir grunnþjónustu sem unnt er að gera byggingarhæfar á skömmum tíma.

Greinargerð

Það hefur lengi blasað við að leit að hentugum lóðum fyrir stækkun á skólahúsnæði í fjölmörgum hverfum borgarinnar hefur verið afar flókin og erfið, og oft árangurslaus. Mjög hefur verið þrengt að skólafarssemi með þéttingu byggðar í grónum hverfum, líkt og fram hefur komið í nýlegum skýrslum. Mikil fjölgun nemenda kallar á stækkun skólahúsnæðis, annað hvort með nýjum skólum eða viðbyggingum við eldri byggingar. Þetta á ekki bara við um grunnskóla, heldur einnig leikskóla, frístundamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar. Ástandið hefur verið alvarlegast í vesturhluta borgarinnar.

Sérfræðingar borgarinnar á sviði skipulags- og framkvæmdamála hafa margoft bent á þennan veikleika.

Hafa ber í huga að þó þörfin á auðum lóðum blasi ekki beint við í dag, er nokkuð ljóst að það getur breyst skyndilega eða í náinni framtíð. Það gildir sérstaklega um lóðir í austurhluta borgarinnar.